

PRENTUM ALLT MILLI HIMINS



Mánagötu 2
400 Ísafirði
Sími: 456 4560
Netf.: honnun@bb.is eða bb@bb.is

↑
OG
↓
JARÐAR

Bæjarins besta óskar öllum lesendum sínum gleðilegs árs og velfarnaðar á komandi árum



Óháð fréttablað á Vestfjörðum
BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 5. janúar 2017 · 1. tbl. · 34. árg. · Ókeypis eintak



HAMRABORG

Hamraborg ehf • Hafnastræti 7
Sími 456 3166



HAMRABORG
SAMLOKA

Geymist við 0-4°C

með hangikjöti og salati



HAMRABORG
SAMLOKA

Geymist við 0-4°C

með roastbeef



HAMRABORG
SAMLOKA

Geymist við 0-4°C

með kjúklingsalati



HAMRABORG
SAMLOKA

Geymist við 0-4°C

með rækjum og eggjum

*Alltaf
nýsmurt*



Krapaflóð í Súgandafirði

Miklar leysingar voru á Vestfjörðum milli hátíða og veður með verra móti. Mikið kom niður af snjó og töluverður vatnsgelgur víða í hlýindunum og rigningunni sem gekk yfir í kjölfarið. Tvö krapaflóð féllu í Súgandafirði rétt fyrir klukkan 12 þann 27. desember. Hið fyrra náði að fara í gegnum ræsi en það seinna, sem var talsvert stærra, fór yfir veginn

og lokaði honum um stund fyrir umferð minni bíla.

Björn Birgisson bóndi í Botni var upp á þaki á útihúsum að festa niður þakplötur sem voru að losna, en afar hvasst hafði verið í Súgandafirði um morguninn og sá hann er flóðin komu niður úr hlíðinni. Bændurnir voru ekki lengi að bregðast við vel tækjum búinir og fór Svavar Birgisson

bóndi í Birkihlíð og hreinsaði veginn hið snarasta.

Helga Guðný Kristjánsdóttir bóndi í Botni segir að flóðið hafi verið um 15–20 metrar á breidd, en það hafi verið þunnt og flætt niður lækjarfarveginn á miklum hraða allt niður í lónið sem er neðan við bæina og ekki valdið neinu tjóni.

annska@bb.is

Frístundarúta á milli Ísa-fjarðar og Bolungarvíkur



Frá Bolungarvík. Mynd: Helgi Hjálmtýsson.

Í nýsamþykktu fjárhagsáætlun Bolungarvíkurkaupstaðar er gert ráð fyrir að sett verði fjármagn í frístundarútu milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar svo auðvelda megi börnum og unglíngum að sækja íþrótt- og tómstundastarf milli þessara bæjarfélaga. Verkefnið sem er í samstarfi við Ísafjarðarbæ kemur til framkvæmda fljótlega á nýju ári að sögn Jóns Páls Hreinssonar bæjarstjóra í Bolungarvík. Fyrst um sinn verður boðið upp á ákveðinn fjölda ferða í viku hverri en í haust verður svo boðið upp á ferðirnar í samræmi við æfingatóflu íþróttafélaganna á svæðinu.

Jón Páll segir mikla samfélagslega hagræðingu fólga í að bjóða upp á frístundarútuna, með henni megi til að mynda draga úr kostnaði hjá foreldrum iðkenda og spara þeim tíma sem annars færi í skutl. Með þessu móti megi líka auka enn frekar samstarf íþróttafélaganna á svæðinu sem hefur verið að aukast síðustu ár, nýta betur húsakost og fjölga iðkendum og segir hann hina nýju samgöngubót barna- og ungmenna geta leitt af sér aukna samvinnu og samkennd á meðal hinna yngri íbúa svæðisins.

Í fjárhagsáætluninni er einnig gert ráð fyrir að skólagögn til grunnskólabarna í Bolungarvík verði þeim að kostnaðarlausu á næsta skólaári.

annska@bb.is



HAFRANNSÓKNASTOFNUN
Rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

Sérfræðingur til rannsókna á vistfræði fjarða

Hafrannsóknastofnun óskar eftir sérfræðingi til rannsókna á vistfræði fjarða í tengslum við uppbyggingu fiskeldis. Starfið felst m.a. í framkvæmd rannsókna á eðlis- og efnafræði fjarða og vöktun á áhrifum fiskeldis á vistkerfi fjarðanna. Starfið er fjölbreytt og krefjandi framtíðarstarf.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Meistarapróf eða doktorspróf æskileg.
- Menntun á sviði haffræði, umhverfisfræði eða samsvarandi með áherslu á efnafræði æskileg.
- Hæfni til að vinna sjálfstætt og í teymisvinnu.

Um er að ræða fullt starf með **starfstöð á Ísafirði**. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðuneytis og viðeigandi stéttarfélags.

Umsóknarrestur er til og með 1. febrúar n.k. Umsóknir með ítarlegum upplýsingum um menntun, starfsreynslu og nöfnum tveggja meðmælenda skulu sendar á pósthafið umsokn@hafogvatn.is eða á skrifstofu Hafrannsóknastofnunar, Skúlagötu 4, 101 Reykjavík.

Nánari upplýsingar veitir Kristín Helgadóttir, mannaúdstjóri (kristin.helgadottir@hafogvatn.is) og Héðinn Valdimarsson, sviðsstjóri umhverfissviðs (hedinn.valdimarsson@hafogvatn.is) sími 5752000.

Jafnt karlar sem konur, eru hvött til að sækja um starfið.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Hafrannsóknastofnun, rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna er stærsta rannsóknastofnun landsins á sviði haf- og vatnarrannsókna og gegnir auk þess ráðgjafarhlutverki varðandi skynsamlega nýtingu og vörnun auðlinda hafs og vatna. Mikill hluti starfsmanna tengist alþjóðlegu samstarfi við erlendar hafrannsóknastofnanir og háskóla. Stofnunin rekur auk aðalstöðva í Reykjavík starfsstöðvar vítt og breytt um landið, tilraunaeldisstöð, tvö rannsóknaskip og hefur að jafnaði um 170 starfsmenn í þjónustu sinni.



HAFRANNSÓKNASTOFNUN
Rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

Sérfræðingur við rannsóknir á veiðarfærum

Hafrannsóknastofnun leitar eftir sérfræðingi til starfa við rannsóknir á veiðarfærum. Starfið felst í þátttöku og skipulagningu á rannsóknar- og þróunarvinnu í veiðitækni, auk úrvinnslu gagna. Starfið er fjölbreytt og krefjandi framtíðarstarf.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Meistarapróf eða hærri menntun úr rannsóknarmiðuðu háskólanámi æskileg.
- Reynsla af sjómennsku eða góð þekking á fiskveiðum æskileg.
- Góð tölfræðiþekking nauðsynleg.
- Hæfni til að vinna sjálfstætt og í teymisvinnu

Um er að ræða fullt starf með **starfstöð á Ísafirði**. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðuneytis og viðeigandi stéttarfélags.

Umsóknarrestur er til og með 1. febrúar n.k. Umsóknir með ítarlegum upplýsingum um menntun, starfsreynslu og nöfnum tveggja meðmælenda skulu sendar á pósthafið umsokn@hafogvatn.is eða á skrifstofu Hafrannsóknastofnunar, Skúlagötu 4, 101 Reykjavík. Konur, jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um starfið. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Nánari upplýsingar veitir Kristín Helgadóttir, mannaúdstjóri (kristin.helgadottir@hafogvatn.is)

Hafrannsóknastofnun, rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna er stærsta rannsóknastofnun landsins á sviði haf- og vatnarrannsókna og gegnir auk þess ráðgjafarhlutverki varðandi skynsamlega nýtingu og vörnun auðlinda hafs og vatna. Mikill hluti starfsmanna tengist alþjóðlegu samstarfi við erlendar hafrannsóknastofnanir og háskóla. Stofnunin rekur auk aðalstöðva í Reykjavík starfsstöðvar vítt og breytt um landið, tilraunaeldisstöð, tvö rannsóknaskip og hefur að jafnaði um 170 starfsmenn í þjónustu sinni.



CHICKEN BREAST FILLETS
WITH ADDED WATER AND SALT
900g e Deep frozen

1.198
kr. 900 g

900g ES Kjúklingabringur
Frosnar, 900 g



100%
Íslenskt ungnautakjöt

1.698
kr. kg

ISLANDSNAUT
Ungnautahakk
Fitu 12%, Kollagen 2%

Íslandsnaut Ungnautahakk
Ferskt



ROÐ- OG BEINHREINSAÐIR

Ysubitar
800 g

798
kr. 800 g

Bónus Ysubitar og sporðar
800 g, frosnir

GOTT VERÐ Í BÓNUS

NÝTT Í BÓNUS

PRÓTEINBRAUÐ
25g prótein og
12g kolvetni pr. 100g



398
kr. 400 g

Bónus Próteinbrauð
400 g

GOTT Í BOOSTIÐ!



RASPBERRIES
VADELMIÁ - HALLÓN
500 g (1 Deep frozen / Pakasta / Dýpfrýst)

BERRIES

398
kr. 500 g

ES Bláber og Hindber
Frosin, 500 g



Berry Mix
Quick-Frozen
1kg e

398
kr. 1 kg

ES Berjablanda
Frosin, 1 kg

LÆGRA VERÐ



5.398
kr. kg

Nutrilenk Gold
Fyrir þá sem þjást af verkjum og sliti í liðamótum.
180 töflur.



2.598
kr. kg

Amino Energy Fæðubótarefni
270 g, 7 tegundir



198
kr. stk.

Nutra C vítamín
20 stk. freyðitöflur, 3 teg.

BONUS EKKERT BRUÐL



Útgefandi: Athafnagledi ehf., kt. 690715-0740
Afgreiðsla og ritstjórn: Mánagötu 2, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Bryndís Sigurðardóttir, 896 9838, bb@bb.is
Ábyrgðarmaður: Bryndís Sigurðardóttir.
Blaðamaður: Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is
Auglýsingar: Sími 456 4560, auglysingar@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandspóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bbis
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
 ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthöfund bb@bb.is. Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Spurning vikunnar

Er krossgátan mikilvæg í Bæjarins besta eða má sleppa henni?

Alls svörðuðu 745

Það má hætta með krossgátuna, sögðu 114 eða 15%

Mér er alveg sama, sögðu 198 eða 27%

Nei nei, alls ekki hætta með krossgátuna, sögðu 433 eða 58%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Ritstjórnargrein

Gleðilegt nýtt ár

Enn á ný fögnum við nýju ári og einhverra hluta vegna tengjum við oft áramót við breytingar og þannig er það hjá okkur á Bæjarins besta. Undanfarnir mánuðir hafa verið nýttir til smíði nýrrar heimasíðu fyrir bb.is enda sú gamla orðin afar öldruð, hún hefur þó staðið vel fyrir sínu og viðbúið að margir muni sakna hennar. Nýja síðan mun birtast á allra næstu dögum, hún er ekki alveg fullgerð, við munum dytta að henni, prófa nýjungar og hlusta á athugasemdir og ráð. Í fyrstu umferð er gömlum fréttum ekki varpað yfir á nýju síðuna en verða þó aðgengilegar í gegnum þá gömlu, hvað sem síðar verður.

Ein helsta breytingin sem lesendur munu verða varir við er að nú verður bb.is „mobile“ eða farsímavænn, en allir vefir með vefum eru orðnir læsilegir í farsíma og kominn tími til að bb.is yrði það líka. Það eru líka meiri tæknimöguleikar í boði á nýju síðunni og einfaldara til dæmis að setja inn myndbönd og upptökur og munum við nýta okkur það.

Það er tímafrest að koma nýrri síðu á koppinn, blaðið okkar Bæjarins besta mun eitthvað líða fyrir það og næstu mánuði verður það rýrt í roðinu. Við reynum að sníða okkur stakk eftir vexti og vonum að með vorinu braggist króinn aftur og nái ásættanlegu holdafari á ný.

Landsmenn allir taka nú til við sín störf, sumir eru að mynda ríkisstjórnir og aðrir að undirbúa þorablótið í sínum heimabæ, allt eru þetta mikilvæg verkefni sem þarf að vinna af samviskusemi, heiðarleika og alúð. Ríkisstjórnin þarf að huga að almannahag, engum hygla og engum gleyma, þorablótsnefndin þarf sömuleiðis að huga að almannahag, öllum skemmta og engan meiða, það getur verið vandradaður vegur.

En öll skulum við fagna nýju ári og taka á móti því með krafti, elskum náungann, umberum ekki heimsku og óréttlæti, setjum gagnrýna hugsun á stall og njótum hvers einasta dags sem yfir kemur.

Gleðilegt ár kæru lesendur og kærar þakkir fyrir tryggðina á liðnum árum.

Bryndís Sigurðardóttir
ritstjóri

Ráðgjafi á sviði starfsendurhæfingar

VIRK Starfsendurhæfingarsjóður í samvinnu við Verkalýðsfélag Vestfirðinga leitar að ráðgjafa í tímabundna stöðu til eins árs með starfsstöð á Ísafirði. Um er að ræða mjög krefjandi og fjölbreytt starf og einstakt tækifæri til þátttöku í þróun og þjónustu á sviði starfsendurhæfingar á vinnumarkaði.

Helstu verkefni

- Ráðgjöf, stuðningur og hvatning við einstaklinga með skerta starfsgetu
- Upplýsingaöflun, skráning og mat samkvæmt gildandi verkferlum
- Umsjón og eftirfylgd með einstaklingsbundnum áætlunum sem gerðar eru í samvinnu við þverfagleg teymi VIRK
- Vinnur í nánu samstarfi við sérfræðinga VIRK, fagaðila í starfsendurhæfingu og vinnustaði
- Samskipti við stéttarfélag og atvinnurekendur

Menntunar- og hæfnikröfur

- Háskólamenntun á sviði heilbrigðis- eða félagsvísinda, s.s. á sviði félagsráðgjafar, hjúkrunar, iðjuþjálfunar, sálfræði eða sjúkráþjálfunar
- Vítæk reynsla og þekking á sviði einstaklingsráðgjafar og/eða starfsendurhæfingar
- Framúrskarandi samskiptahæfni, jákvætt viðmót og þjónustulund
- Sveigjanleiki og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Skipulagshæfni og kostnaðarvitund
- Góð þekking á vinnumarkaði
- Gott vald á íslensku og ensku, bæði í ræðu og riti



Hlutverk VIRK er að efla starfsgetu einstaklinga í kjölfar veikinda eða slysa með árangursríkri þjónustu á sviði starfsendurhæfingar. Ráðgjafar VIRK starfa hjá stéttarfélögum samkvæmt samningi við VIRK. Gildi VIRK eru fagmennska, virðing og metnaður.

Nánari upplýsingar er að finna á virk.is

Umsóknarfrestur er til og með 22. janúar 2016.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að senda ítarlega ferilskrá á netfangið audur@virk.is.

Nánari upplýsingar veita Auður Þórhallsdóttir hjá VIRK og Finnþogi Sveinbjörnsson hjá VERK VEST





HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT AÐ

60%

AFSLÁTTUR

**SÚPER
ÚTSALA**
HÚSASMIÐJUNNAR

SÚPER ÚTSALAN ER HAFIN

FJÖLDI VÖRUFLOKKA OG MÖRG ÞÚSUND VÖRUR Á SÚPER AFSLÆTTI

FLÍSAM 30-60% • BRAUÐRISTAR, KAFFIVÉLAR & HANDPEYRARAR (ELECTROLUX) 30%

RYKSUGUR 20-30% • BLANDARAR 25-45% • PARKET 30% • LJÓS 30-50%

BLÖNDUNARTÆKI (DAMIXA) 25% • RAFMAGNSVERKFÆRI 20-40%

HANDVERKFÆRI 20-40% • VERKFÆRATÖSKUR 30-40% • HÁPRÝSTIDÆLUR 30%

MÁLNING 25% • ÁLTRÖPPUR OG STIGAR 25% • VINNUSKÓR 25-40%

HNÍFAPÖR, MATARSTELL & GLÖS 25% • POTTAR, PÖNNUR & BÖKUNARVARA 30%

PLASTKASSAR 25-50% • ÚTIVISTARFATNAÐUR (TRUE NORTH) 30% • JÓLAVÖRUR 50-70%

GJAFAVARA 25-50% • KERTI & GERVIBLÓM 30% • POTTAPLÖNTUR 30-50%

INNIHURÐIR 20-40% ...OG ÓTAL MARGT FLEIRA!



Byggjum á betra verði

www.husa.is



Sportið í beinni

fimmtudagur 5. janúar

19:05 Keflavík - Njarðvík

23:00 Golf - PGA Tour

föstudagur 6. janúar

19:45 W. Ham Utd - Man. City

19:45 Tindastóll - KR

22:00 Körfubolta kvöld

23:00 Golf - PGA Tour

03:00 M Grizzlies - G St Warriors

laugardagur 7. janúar

11:55 Real Madrid - Granada

12:20 Man. Utd. - Reading

16:20 Keflavík - Snæfell

17:20 Pr North End - Arsenal

21:00 Golf - PGA Tour

21:30 H Texans - Oakl Raiders

23:00 Formúla E Vegas eRace

01:10 S Seahawks - Dt Lions

sunnudagur 8. janúar

13:20 Liverpool - Plym Argyle

14:50 Chelsea - Peterborough

15:50 T Hotspur - Aston Villa

18:00 P Steelers - M Dolphins

19:40 Villarreal - Barcelona

21:30 GB Packers - NY Giants

23:00 Golf - PGA Tour

Þriðjudagur 10. janúar

19:55 Man United - Hull City

miðvikudagur 11. janúar

19:40 Southampton - Liverpool

19:05 Snæfell - Skallagrímur

Dagar Íslands

5. janúar 2010:

Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, synjaði lögum um ríkisábyrgð vegna Icesave-skuldbindinga staðfestingar.

7. janúar 1979:

Frystihús Ísbjarnarins (síðar Granda) í Örfirisey var tekið í notkun. Það var sagt eitt fullkornasta frystihús í heimi.

8. janúar 1895:

Blaðið Framsókn, sem var fyrsta kvennablaðið á Íslandi, kom út á Seyðisfirði. Það kom út til ársloka 1903.

Helgarveðrið

Á föstudag:

Minnkandi vestanátt og él vestantil og við norðurströndina. Frost 0 til 8 stig. Suðlægari, 8-13, um kvöldið, slydda eða rigning sunnan og vestanlands og hlýnar í veðri.

Á laugardag:

Suðvestanátt, 8-15. Skúrir og síðar él, en þurr á NA-verðu landinu. Víða frostlaust en kólnar smám saman.

Á sunnudag:

Vestlæg átt og él S- og V-lands. Yfirleitt frostlaust við sjóinn en annars vægt frost. Gengur í austan 10-15 um kvöldið með snjókomu en slyddu með suðurströndinni.

Krossgátan



		VANRÆKJA	HREINSA	SKRIÐDÝR		DÆLING	DÁ	FRÁ-RENNSLI
	EFLA							
	JÁRN-SKEMMD				HLUTI VERKFÆRIS			
					HELBER			
	SAMHÆFIR							
	HERÐA-KLÚTUR					KOMAST		
						ÓKLEIFUR		
	↓	DÁÐ	Í RÖÐ	ÁTT		FJÁR-MUNIR		
				ÓÐAGOT		TILNEFNA		
GABBA					GRAS			MÁLUÐ
					RÖÐULL			HINDRA
ÁKEFÐ					FLYSJA			
					ÁFENGIS-BLANDA			
TVEIR EINS			FUGL			BEIN		
			SVIK			KAFMÆÐI		
GOGG				YFIRHÖFN			TVEIR EINS	
				HRÍNA			DRYKKUR	
ÁVÖXTUR					MATAR-ILÁT			
					ÓSKIPT			
		FISKUR				VATNS-GUFA		
		DRULLA				ÓLYFJAN		
FYRST FÆDD				KEPPNI				GÆÐ
				NOKKRIR				SÁLGA
DRYKKUR			FENGUR			ÞRÁ		
			NÆGILEGT			ANGRA		
FAG				TALA			BÓK-STAFUR	
				SKÓLI			Í RÖÐ	
SKIN					AFSPURN			
BLANDAR					GORTA			

ENDURSKOÐUN Sími í Bolungarvík 450 7900
Sími á Ísafirði 450-7910
VESTFJARÐA ehf

Áðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

Fréttir og upplýsingar um réttindi og kjör á vinnumarkaði
www.verkvest.is

VERK VEST

Lestrarátak Ævars vísindamanns snýr aftur

				GUTL	KLÓR	VAFRA		TIL SAUMA	MEIDA	ÓSKIPTAN					
				RENNA TIL	S	K	R	E	N	S	A				
				ÖLDUR- HÚS	K	R	Á	FISKUR LÖÐUR	Á	L	L				
				PUNN KAKA	V	A	F	F	L	A	L				
				MJÖG MASTUR	A	F	A	R	SAMTÖK BYLTA	S	A				
				SKILABÓÐ TVEIR EINS	S	M	S	NÍÐUR SEYTLAR	O	F	A	N			
				ÚT- DRÁTTUR	Á	G	R	I	P	SKEL ÁREYNSLA	A	Ð	A	HORFT	INNVIÐI
				PLAN	T	O	R	G	VAN- KANTUR FUGL	Á	G	A	L	L	I
				SVELL	Í	S	L	Á	T	A	HÓPUR SLÆMA	L	I	Ð	
					Ð	M	A	L	A	R	I	Í RÖÐ ÖUFU- HREINSA	T	U	
				UPP- HROPUN	A	H	A	TVEIR EINS ELDSNEYTI	K	K	JARBEFNI SKEINA	L	E	I	R
				KVEIF	G	U	N	G	A	FLÓTUR REKALD	H	L	I	Ð	AKUR
				GINNA	E	G	N	A	ÍPRÓTTA- FELAG PYGGA	F	R	A	M	STARTA	E
				ÁTT	S	V	S	Ö	L	U	STRUNS ODDI	A	R	K	
				AD	T	I	L	S	A	F	N	ÓÐUR ÆTID	Æ	R	
				ÁN	U	T	A	N	KLINA	K	L	E	S	S	A
				FEIKNA	R	O	K	N	A	HEIMSÁLFA	A	S	Í	A	



Hafið er á ný lestrarátak Ævars vísindamanns, en því var hleypt af stokkunum fyrsta dag þessa nýja árs. Átakið hefur verið haldið tvisvar sinnum áður með þeim árangri að yfir 114 þúsund bækur voru lesnar. Því þótti Ævari Þór, leikara og rithöfund, ærin ástæða til að halda áfram. Átakið stendur til 1. mars 2017 og er fyrir alla krakka í 1.-7. bekk.

Lestrarátakið virkar þannig að fyrir hverjar þrjár bækur sem nemendur í 1.-7. bekk lesa fylla þau út miða sem þau sækja í gegnum www.visindamadur.is. Foreldri eða kennari kvitta á hvern miða og svo verður miðinn settur í lestrarkassa sem er staðsettur á skólasafninu í hverjum skóla. Því fleiri bækur sem börnin lesa því fleiri miða eiga þau í pottinum. Þá er það nýlunda í ár að hljóðbækur, eða ef einhver les fyrir barnið, teljast með sem lesin bók. Það skiptir engu máli hvort bókin sem er lesin sé löng eða stutt, teikni-myndasaga, myndasögusyrpa eða skáldsaga – bara svo lengi sem börnin lesa. Sömuleiðis

skiptir tungumálið sem bókin er á ekki máli. Bækurnar mega vera á íslensku, dönsku, frönsku, pólsku, japönsku, ensku o.s.frv. – bara svo lengi sem börnin lesa.

Í lok átaksins verða dregin út nöfn fimm barna og fá þau í verðlaun að verða persónur í stórhættulegri ævintýrabók eftir Ævar, sem ber heitið *Bernskubrek Ævars vísindamanns 3: Gestir utan úr geimnum* og kemur út með vorinu hjá Forlaginu – svo það er til mikils að vinna.

Í fréttu tilkynningu segir að þetta sé lestrarátak gert af bókaormi, til að búa til nýja bókaorma – dýrategund sem má alls ekki deyja út.

Lestrarátakið er unnið í samstarfi við Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO, RÚV, Málefli, Póstinn, Brandenburg auglýsingastofu, IBBY á Íslandi, 123skoli.is, Forlagið, Heimili og skóla og Barnavinafélagið Sumargjöf.

annska@bb.is

Sudoku þrautir

5		3	6	9				
6	7		1		5			9
	8	9	2	3				4
		7	4	6				
8	4	6	5				3	7
	5			1	3			
4	3		9	5	6			
	9	8				6	4	5
		5		4		3	1	

	9			3			6	7
		8				1		
	4	2	8		1			
5		4			7			
7	3							5
9					2	4		
			7	5				4
					3	2		1
	6							

PRENTUM
ALLT MILLI
HIMINS

↑
OG
↓


JARÐAR

Mánagötu 2
400 Ísafirði
Sími: 456 4560
Netf.: honnun@bb.is

JÓLASVEINARNIR HANS TRYGGVA ERU KLASSÍSKIR UM HVER JÓL

JÓ LA(-G) SVEIN(-N) AR NIR HAN(-I) STRY (-E)GG VA (-K)ER U
KLAS(-I) SÍ(-S) SKIR UM HVER (-H)JÓL

Ekki er gerður greinarmunur á grönnum og breiðum sérhljóðum, sem dæmi a og á né i og í.



Sjálfsbjörg Ísafirði Aðalfundur

Aðalfundur Sjálfsbjargar, félags hreyfihamlaðra á Ísafirði, verður haldinn í húsi Framsóknarflokksins við Pollgötu þriðjudaginn 12. janúar kl. 16:00

Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf.
Stjórnin

Þjónustuauglýsingar

HRADFRYSTIHUSID-GUNNVOR HF.
- sjálffær úrtung sjávarauðlinda

ÚTSALA

3. - 9. JANÚAR Í NETVERSLUN.IS

LENOVO 110 15,6"

Verð: 44.900 kr.

Tilboð: 39.900 kr.

Fáranlega ódýr fartölva með 128GB SSD disk og 4GB minni.

11%
AFSLÁTTUR



LENOVO Y700 15,6"

Verð: 189.900 kr.

Tilboð: 169.900 kr.

Mögnuð leikjavél með i7 örgjörva, 16GB minni, 256GB SSD og GTX960M.

11%
AFSLÁTTUR



SONY, BOSE OG AUDIO TECHNICA

Heyrnartól



ALLT AÐ
60%
AFSLÁTTUR

SONY OG BOSE

Heimabíó



ALLT AÐ
40%
AFSLÁTTUR

SONY Sjónvörp



ALLT AÐ
35%
AFSLÁTTUR

CANON OG SONY

Myndavélar



ALLT AÐ
30%
AFSLÁTTUR

FRÁBÆRAR VÖRUR Á ALLT AÐ 60% AFSLÆTTI Í NETVERSLUN.IS!
TAKMARKAÐ MAGN Í BOÐI.